

Reglur Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs um liðveislu.

I. Kafli

Markmið, hlutverk og skipulag liðveislu

1.gr.

Markmið liðveislu

Með félagslegri liðveislu er átt við liðveislu samkvæmt 24.gr. laga nr. 59/1992. Markmið liðveislu er að efla viðkomandi til sjálfshjálpar, veita honum persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, svo sem til að njóta menningar og félagslífs.

2.gr.

Réttur til liðveislu

1. Rétt til liðveislu á sá sem býr utan stofnana og sambýla og fellur undir 2. gr. laga um nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.
2. Umsækjandi skal eiga lögheimili í þeim sveitafélögum er standa að Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs og hafa náð 6 ára aldri.

3.gr.

Stjórn og yfirumsjón

Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Djúpavogshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar ásamt félagsmálastjóra fara með stjórn liðveislu.

Sérstakir starfsmenn, liðsmenn, annast liðveislu við fatlaða undir leiðsögn félagsráðgjafa.

II.Kafli

Framkvæmd þjónustunnar

4.gr.

Umsókn um liðveislu

Sótt er um liðveislu á skrifstofu Félagsþjónustunnar. Umsókn skal undirrituð af umsækjanda, forsjáraðila eða talsmanni. Með umsókn um liðveislu skal fylgja læknisvottorð þar sem fram kemur tegund fötlunar.

5.gr.

Mat á þjónustu.

- Þjónusta miðast við þörf innan þeirra marka sem reglurnar setja. Við mat á þjónustuþörf skal miða við að þeir umsækjendur sem hafa allra mesta þörf fyrir úrræði til að rjúfa félagslega einangrun fái samþykka þjónustu 16 tíma á mánuði.
- Þörf fyrir liðveislu er metin í samráði við umsækjanda, aðstandendur eða talsmann umsækjanda og, þegar við á, í samráði við Svæðisskrifstofu fatlaðra. Félagsráðgjafi eða iðjuþjálfari meta þjónustuþörf og þjónustan er ákvörðuð innan ramma gildandi reglna og innan gildandi fjárhagsáætlunar.

6.gr.

Tímafjöldi

Þegar þjónustubörf hefur verið metin skal samningur gerður þar sem tímafjöldi liðveislu, á mánuði, skal tilgreindur. Liðveisla samkvæmt reglum þessum nemur að hámarki 168 klst. á ári. Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki félagsmálanefndar er heimilt að veita liðveislu umfram það sem hér segir.

7.gr.

Kjaramál

Fyrir liðveislu er greitt skv. launaflokki 123 skv. starfsmati AFLs og FOSA. Sé unnt að uppfylla markmið liðveislu á dagvinnutíma skal þjónustan veitt á dagvinnutíma og skal þá greitt samkvæmt því. Liðveisla er ekki veitt á stórhátíðum nema brýna nauðsyn beri til og sótt sé um það sérstaklega.

8. gr.

Skriflegt svar við umsókn.

Ef umsækjandi uppfyllir þau skilyrði sem sett eru samkvæmt 2. gr. þessara reglna og samkvæmt mati starfsmanns, er sent skriflegt svar þar sem fram kemur að umsækjandi eigi rétt á liðveislu og unnið sé að því að útvega liðveitanda. Synjun á liðveislu skal ávallt vera skrifleg og rökstudd.

9. gr.

Tímabil samþykktar.

Samþykktir um liðveislu skulu vera tímabundnar. Fyrsta liðveisla skal að jafnaði ekki vera lengri en til þriggja mánaða. Umsókn skal þá metin að nýju og framlengd, ef ástæða þykir til. Endurnýjun samþykktar skal að hámarki vera til 6 mánaða. Heimilt er þó að ákveða liðveislu til 9 mánaða, ef liðveislan er tengd annarri þjónustu t.d. skólavist.

10. gr.

Undanþágur

Félagsmálastjóra er heimilt að samþykkja undanþágur frá þessum reglum í samráði við Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi og skulu þær undanþágur kynntar félagsmálanefnd á 6 mánaða fresti.

11. gr.

Áfrýjun

Ákvarðanir um þjónustu og fyrirkomulag skal ætíð kynna fyrir þjónustugega og liðsmanni. Synjun á liðveislu skal ávallt vera skrifleg og rökstudd. Umsækjandi getur áfrýjað ákvörðun félagsráðgjafa til Félagsmálanefndar Fljótshéraðs, Fljótshrepps og Borgarfjarðar eystri. Ákvörðun félagsmálanefndar er hægt að áfrýja til úrskurðanefndar félagsmálaráðuneytisins og skal það gert skriflega innan 4 vikna.

Reglur þessar tóku gildi ...